

# Baldursheimur í Mývatnssveit

Leit að fornu kumlstæði

Guðmundur Ólafsson





© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands

*Mynd á forsiðu: Hnefi úr kumli frá Baldursheimi. Frumteikning Arngríms Gíslasonar frá 1861. Ljós. Ívar Brynjólfsson.*

# Baldursheimur í Mývatnssveit

## Leit að fornu kumlstæði

### Forsaga


Á árunum 1860 og 1861 blés upp fornt kuml á holti austan við bæinn Baldursheim í Mývatnssveit. Að beiðni Sigurðar Guðmundssonar málara fór Arngrímur málari Gíslason á staðinn, til að kanna staðinn og teikna mynd af gripunum sem komið höfðu í ljós. Sigurður skrifaði síðan grein í Þjóðólf með frásögn Arngríms á fundi og fundaraðstæðum, sem birtist í 14. tölublaði Þjóðólfs þann 10. apríl 1862 á bls. 70 – 71<sup>1</sup>. Hér að neðan er þessi frásögn endurbirt:

„Vorið 1860 fundust í Baldursheimi við Mývatn leifar af dys (að öllum líkindum frá heiðni); það er blásið upp úr holti hérumbil 200 faðma beint austr frá bæjardyrum, og sást fyrst höfuðkúpa af manni sem er 17 5/8 þuml. Að hringmáli, og fanst þá um leið spjót, sjá myndina nr. 1<sup>2</sup>; en vorið eptir nl. 1861 fanst sverð mjög riðgað, sjá nr. 2; Var þá farið að grensslast eptir meiru (en því mið af eptirtektalítum únglingum), og var því óreglulega mokað upp dysið, svo ekki verður sem nánast sagt frá, hvernig leifar þessar litu út. Dysið snýr frá austri til vestrs, höfuð í austr, svo beint horfði móti dyrum, og spjótið til hægri handar, og tafl. Sjá nr. 3, og 24 beintöflur, sjá nr. 4; líka lítr út fyrir, að skjölldr hafi legið til þessarar handar, og sjást ekki aðrar leifar hans, en naglar, og lítið eitt tré í kring. Til vinstri handar lá sverðið, og sneri oddur niður; nokkur smástykki komu þar af járn, er auðsjaanlega eru af umgjörð meðalkaflans, slétt en bjúg, með lítið barð á röndinni. Sverðið hafði verið í tréslíðrum. Og sjást leifar þess utan á sverðinu báðu megin, hjá því lá lítið brýni með gati í annan enda og lítil glertala brotin, með gyllingu auðsjaanlegri. Beinín lágu rétt, handleggir niður með hliðum og fætur réttir, og má kalla, að leifar þessar horfðu frá landnorðri til útsuðurs. Lærleggirnir voru 17 ½ þuml, með hlössum, að lengd, og samsvarandi því að gildleika. Hérumbil 1 álnar bili frá fótagafla dyss þess var annað dys af hesti, og var það kringlótt og voru leifar hryggsins hríngbeygðar vestan fram, en fótleggir allir til samans austan fram, höfuð í norður, beygt inn að fótleggjunum; engi merki fundust til reiðskapar, önnur en kjaptamél, sjá nr. 5, er var upp í höfðinu, og ein lítil járnhringja. Hestrinn hefir verið meðallagi stór og úngr, er vel má sjá af tönnunum. Hér að auki fanst lítið riðgað járn, er menn héldu að væri leifar af lítilli öxi”.

Í næsta tölublaði Þjóðólfs þann 24. apríl birti Sigurður svo *Hugvekju til Íslendinga* um nauðsyn þess að stofna þjóðlegt forngripasafn á Íslandi til að sporna þannig við því að allir merkustu forngripir Íslendinga hyrfu úr landi. Hvatningarorð Sigurðar virðast hafa hrifið, því að skömmu síðar var farið að undirbúa stofnun Forngripasafns Íslands. Haugféð frá Baldursheimi var afhent Jóni Árnasyni og Sigurði Guðmundssyni þann 15. júlí 1863 sem

<sup>1</sup> Sigurður Guðmundsson 1862:70.

<sup>2</sup> Allar þær myndir, sem hér er getið, hefir Sigurður málari Guðmundsson. Ritst.



*Mynd 1. Baldursheimur. Horft til austurs frá bænum. Baldursheimstjörn er á miðri mynd. Miðað við lýsingar af fundinum hefur kumlið sennilega verið á uppblásnu holti, nálægt svæðinu sem gula örin bendir á. Grænavatnsgötur liggja upp túnið (blá ör) þar sem mótur fyrir leifum af gömlu girðingunni og tréð er.*

gjöf frá Jóni Illugasyni (1810 – 1878), bónda í Baldursheimi, í því skyni að með því yrði byrjað að stofna íslenskt forngripasafn í Reykjavík.

Segja má að fundur Baldursheimskumlsins hafi því orðið kveikjan að stofnun Þjóðminjasafns, þó að gjöf Helga Sigurðssonar á 15 forngrípum árið 1863 marki opinbera stofnun safnsins. Gripirnir frá Baldursheimi eru fyrstu gripirnir sem bærust safninu og eru skráðir í safnið með númer frá 1 – 12.<sup>3</sup>

## **Ferð að Baldursheimi 27. júlí 2004.**

Því miður var aldrei farið aftur að Baldursheimi til þess að rannsaka fundarstaðinn betur og afla frekari upplýsinga um allar aðstæður.

Í sambandi við undirbúning og öflunar efnis vegna uppsetningar á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins fór skýrsluhöfundur að Baldursheimi í Mývatnssveit þann 27. júlí 2004 í þeim tilgangi að reyna að finna þann stað sem kumlið hafði komið í ljós á sínum tíma. Haft var samband við Sigurð Þórólfsson gullsmið í Mosfellsbæ, sem alinn var upp á Baldursheimi og dvelur nú á sumrin, ásamt Margréti Ragnarsdóttur konu sinni, á nýbýlinu Þórólfshevoli, skammt frá Baldursheimi. Langafi Sigurðar var Jón Illugason. Sigurður hefur lengi haft áhuga á hinu forna kumlstæði og taldi sig geta staðsett það með nokkurri nákvæmi, út frá frásögnum staðkunnugra, lýsingu á fundunum og eigin athugunum.

<sup>3</sup> Kristján Eldjárn 1962:ix-xi, 1.



*Mynd 2. Baldursheimur. Horft til suðausturs frá túni, yfir uppblásinn mel. Rofabarð liggur skáhallt yfir myndina á mörkum mels og túns. Örin sýnir hvar líklegt er að kumlið hafi verið, sunnan við Grænavatnsgötur, sem voru í láginni fyrir framan hana. Bláfjall er í baksýn.*

Hjá Sigurði var einnig stækkuð loftmynd af svæðinu sem tekin var árið sumarið 1958 og reyndist mjög gagnleg við að meta hugsanlegar breytingar á svæðinu frá því að kumlið fannst. Á myndinni sést holtið austan við bæinn sem Arngrímur nefnir í frásögn sinni.

Eftir holtinu endilöngu liggur rofabarð frá norðri til suðurs sem sýnir hve langt uppblásturinn hafði náð á 6. áratugnum. Vestan megin í holtinu er tún sem ræktað var upp árið 1948. Rofabarðið hafði verið grætt upp og er líklegt að þetta tvennt hafi stöðvað uppblásturinn að mestu, því að rofmörkin virðast ekki hafa færst til vesturs frá því að myndin var tekin.

Undirritaður fór í fylgd Sigurðar og Margrétar austur yfir túnið að rofabarðinu. Girðing er austan við túnið. Hún var færð til austurs árið 1999 og er rofabarðið nú allt að 26 m fyrir innan girðinguna. Sigurður taldi að kumlið hefði komið fram öðru hvoru megin við girðinguna, skammt frá háholtinu, og er það líklega mjög nærri lagi.

Gengið var um holtið og yfirborð þess kannað. Það er að mestu úr möl og á víð og dreif standa stakir steinar. Ekki er hægt að sjá að þeir séu leifar neins konar mannvirkja. Á tveimur stöðum var þó undantekning á þessu. Þar voru stórir steinar sem mynduðu eins og gafli við suðurhlið og þyrping smærri steina norðan við þá. Ekki er hægt að segja til um hvernig á þessum steinabyrpingum stendur, en við fystu sýn virðast þær hafa komið til eftir að holtið blés upp, vegna þess hve regluleg steinaröðin er, því að ólíklegt virðist að hún hafi ekki riðlast meira ef hún hefði verið í upphaflegu yfirborði, sem lá 1 – 2 m



*Mynd 3. Baldursheimur. Leifar af manngerðri þyrpingu steina á uppblásnu holti um 350 m austan við bæinn.*


hærra. Hugsanlega eru þetta leifar barnaleikja. Full ástæða væri þó að athuga þessar minjar betur. Umfang þessara minja er um 60 – 70 cm breitt og rúmlega 1 m langt (sjá mynd 3).

Grænavatnsgötur nefnist leiðin milli Baldursheims og Grænavatns. Þessi leið eru vafalaust mjög gömul, því að hún var jafnframt eina leiðin út í Reykjahlíð og á aðra bæi við Mývatn.

Á loftmynd frá 1958 sem hjálagt kort er gert eftir má fylgja götunum eftir norðan við túnið austan við bæinn upp að melnum. Þar hverfa þær á kafla en koma aftur í ljós norðaustast í melnum þar sem nokkrar götur liggja samsíða niður að vaðinu yfir Kílinn. Um 1960 voru móar sem nefndust Holtsendi, græddir upp og breytt í tún, en þar sést þó enn móta lítilla fyrir götunum. Ljóst er af stefnu þessarra götuleifa að þær hafa legið í austur frá bænum, en síðan sveigt til norðausturs efst á melnum, nálægt þeim stað sem kumlið virðist hafa komið í ljós.

Alkunna er að kuml voru gjarnan staðsett við fornar leiðir, þar sem nálægðin við götuna var líkleg til þess að halda minningu um hinn látna vakandi. Þetta gæti vel hafa átt við í tilviki Baldursheims.<sup>4</sup>

<sup>4</sup> Adolf Friðriksson 2004:60.



Mynd 4. Baldursheimskumlið hefur líklega blásið upp á svæðinu sem merkt er með rauðu. Miðað við mælikvarða kortsins er það er um 330 -390 m frá bæ.



Mynd 5. Horft til norðurs eftir rofabarði. Sveigur inn í túnið sem sést ekki á loftmyndinni frá 1958 bendir til þess að lítills háttar uppblástur hafi átt sér stað eftir að hún var tekin. (GOL-2004-7-31).

## Hugleiðingar um staðsetningu kumls

Í dag er engin verksummerki á yfirborði eftir kumlið. Holtið, sem einu sinni var, er nú uppblásinn melur, um 1 – 2 m lægri en upprunalegt yfirborð. Á síðustu áratugum hefur verið verið gert átak í að græða svæðið upp með nokkuð góðum árangri.

Ef reyna ætti að staðsetja kumlastæðið í dag verður að styðast við frásögn Arngríms, sem gefur nokkuð góða hugmynd um hvar kumlið hefur verið. Hann segir að kumlið sé um 200 faðma í austur frá bænum. Þarna er efalaust aðeins um áætlaða fjarlægð að ræða, fremur en að nákvæm mæling liggi hér að baki, og ber því fyrst og fremst að líta á þessa 200 faðma sem viðmiðunartölu. En hve löng getur þá þessi vegalengd hafa verið mæld í metrum? Það liggur ekki alveg í augum uppi. Faðmur er ekki alltaf jafn langur. Í grein um Íslenskar mælieiningar kemur fram að notaðir hafi verið mislangir faðmar. Almennt sé faðmur um 3 álnir að lengd, eða 167,20 cm, en hins vegar sé íslenskur faðmur, eða svonefndur málfaðmur, ætíð tilgreindur sem 3 ½ alin, eða 195,07 cm. Hægt er að fá aðrar tölur á útreikningum um lengd faðms, eftir því hvaða viðmið eru notuð, t.d. eftir því hvort miðað er við danskan eða breskan faðm, en allar tölur eru innan ofangreindra marka.<sup>5</sup>

Ef 200 föðmum er breytt í metra, og miðað við að faðmurinn sé 167,5 cm þá hefur fjarlægðin að kumlinu verið um 334 m frá bænum, og um 390 metrar frá bæ ef miðað er við að hann sé 195,07 cm. Þarna munar um 28 metrum.

<sup>5</sup> Magnús Már Lárusson 1958:242, Almanak hins ísl. þjóðvinafélags 2004:84, Ísl. alfræðiorðabók 1990:375.





*Mynd 6. Horft til suðurs eftir rofabarði. Grænavatnsgötur liggja til austurs framan við girðinguna ofarlega til hægri. Rofabarðið er fyrir innan girðinguna. Það stafar ekki af miklum uppblæstri, heldur af því að hún var færð til austurs árið 1999. Sellandafjall er í baksýn. (GOL-2004-4-32).*

Á uppdrættinum sem dreginn er upp eftir loftmynd frá 1958 er enginn mælikvarði. Áætlaður mælikvarði er fenginn með því að mæla langhlið Þórólfsþvols, sem er 15 m löng og yfirfæra þá lengd yfir í lengri kvarði. Þannig fæst kvarði sem sýnir 150 og 300 m lengd. Þó að þetta séu ekki nákvæmar mælingar eru þær líklega nægilega nákvæmar til þess að geta gefið okkur samlega hugmynd um fjarlægð frá bænum. Þess má geta að Sigurður Þórólfsson lét mæla fjarlægðina frá bæjardyrum austur að rofabarði, og reyndist hún vera 308 m. Frá rofabarði að girðingu voru 26 m

Ef reynt er að meta aðra þætti en fjarlægð frá bæ, sem áhrif gætu hafa haft á staðsetningu kumlsins, þá má í fyrsta lagi nefna nálægð þess við leiðina til Grænavatns, en kuml virðast oft hafa verið nálægt fornum leiðum.

Í öðru lagi má ætla að kumlið hafi verið staðsett nálægt hábúngu holtsins sunnan Grænavatnsgatna, þar sem vel sást til þess frá götunum og frá bæ. Holtið er allt blásið í dag, en af lögun hins uppblásna mels virðist mega ætla að hábungan hafi legið skammt sunnan við Grænavatnsgötur og skammt austan við túnið og rofabarðið.

Inn í þessa mynd þarf að taka tillit til uppblásturshraða holtsins frá 1860 þegar kumlið blés upp og fannst til dagsins í dag árið 2004.

Ætla má að nokkuð ör uppblástur hafi verið á síðari hluta 19. aldar, ef bæði mannskumlið og hestkumlið til fóta hans komu í ljós á tveimur árum, eins og frásögnin af fundunum bendir jafnvel til. Ef svo er hefur holtið blásið frá austri til vesturs. Ætla mátti að uppblásturinn hafi hugsanlega getað orðið allt að 1 – 2 m á ári. Sigurður Þórólfsson sem fylgst hefur með rofabörðunum í 60 ár telur hins vegar að uppblásturinn geti alls ekki hafa verið svo mikill.

Nær sé að hann hafi verið um 10 – 20 cm á ári. Ef svo er hefur kumlið líklega verið að koma smám saman í ljós, án þess að því hafi verið veitt eftirtekt fyrr en að það var að mestu blásið.

Verulega virðist hafa dregið úr uppblásturshraðanum á síðustu áratugum. Líklega eiga mótaðgerðir manna mestan þátt í þeim viðsnúningi, svo sem túnaræktun, dreifing áburðar á örfoka holtið og uppgræðsla rofabarðsins. Loftmyndin sem tekin var af svæðinu árið 1958 sýnir greinilegt rofabarð austan með túninu sem gert var árið 1948. Sigurður Þórólfsson telur að uppblástur síðan þá sé ekki mikill og að rofabarðið sé á svipuðum stað. Mynd 6 sem tekin var til suðurs eftir rofabarðinu bendir þó til þess að það hafi færst lítillega til vesturs, áður en það var stöðvað með uppgræðslu.

Niðurstaða af þessum vangaveltum um staðsetningu Baldursheimskumlsins er sú að flest bendi til þess að það hafi verið á háholtinu, rétt sunnan við Grænavatnsgötur þar sem þær beygja til norðausturs, um 330 – 390 m austur frá bænum. Ef staðurinn er innan þessara marka og hann t.d. settur niður mitt á milli þeirra, eða við um 360 m frá bæ, þá eru skekkjumörkin aðeins um  $\pm 30$ . Segja má að slík niðurstaða sé mjög ásættanleg, og að án frekari rannsókna verði ekki komist nær um staðsetningu kumlsins.

## Teikningar Arngríms málara

Í greininni sem birtist um fundinn í Þjóðólfi 10. apríl 1862 er vísað til teikninga Arngríms málara af gripunum, og þær sagðar vera í vörslu Sigurðar Guðmundssonar. Þegar Kristján Eldjárn var að skrifa bók sína um Arngrím var gerð leit að myndunum í Þjóðminjasafni, en þá fundust þær ekki. Þegar safnið var flutt af Suðurgötu í nýjar geymslur í Kópavogi árið 1998 komu þær aftur í leitirnar í brúnu umslagi. Utan á umslaginu sem myndirnar lágu í var eftirfarandi texti:

„Frumteikningar Arngríms málara Gíslasonar af gripum úr Baldursheimsfundinum, gerðar 1861. Sbr. Skýrslu I, bls. 7.

Komnar til Skjalasafnsins 1916 meðal brjefa til Jóns Sigurðssonar og afhentar Þjóðmenjasafninu til eignar af Þjóðskjalaverðinum 6.VIII. 1916.

Matthías Þórðarson.”

Teikningarnar, sem eru átta talsins, eru á litlum miðum sem klipptir hafa verið niður eftir stærð hlutanna, allar í mælikvarða 1:1, eða í fullri stærð, eins og skrifað er á þær. Í þessari skýrslu eru myndirnar ekki í réttri stærð og sýnir mælikvarði raunverulega stærð. Það er mikill fengur að geta birt þessar myndir hér í fyrsta sinn á prenti. Þær eru afar mikilvæg heimild um upprunalegt ástand gripanna og þær sýna að sumir hafa verið í mun betra ásigkomulagi þegar þeir fundust en þeir eru í dag, aðrir hafa lítið breyst.

Teikningarnar eru í þeirri númeraröð sem Arngrímur teiknaði þær. Á myndunum er skammstöfunin „del” sem er stytting úr latnesku sögninni „delienare” sem þýðir að skissa eða draga upp útlínur. Í myndatextum er frumtexti á teikningum auðkenndur með feitu letri. Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari Þjóðminjasafns tók allar myndir af teikningunum.



Mynd 7. Hnefi úr hvalbeini sýndur framan frá (a) og frá hlið (b).


Á mynd a stendur No 1. í Fullri stærð. A.G. – del. 1861 -. Tafl mind fundinn í Jörðu í Baldurs heimi við Mývatn þann 25. Maí 1861.

Á mynd b stendur: No 2. A.G. del. 1861. Hægri hlið af taflmindinni No 1.

Það sem strax vekur athygli í sambandi við þessar myndir, er stórt kónganef taflmannsins sem sést svo vel á vangamyndinni. Það er horfið og í dag er nefið alveg slétt. Einnig virðast eyrun vera miklu skýrari en þau eru núna. Þá má líka greina að hann hefur verið klæddur einhvers konar skikkju eða kyrtli sem lafað hefur niður að aftanverðu, og að hendurnar sem grípa um klofið skeggið ganga út úr ermum, sem nú eru máðar af og sjást ekki lengur.




Mynd 8. No 3. Spjót. Fundið vorið 1860. (Full stærð). A.G. del. 1861. Spjótíð virðist ekki hafa farið illa frá því að það fannst, nema hvað aðeins hefur brotnað framan af oddinum.



Mynd 9. Járnmeil. Á myndinni stendur: No 4 (Full stærð) fundið 1861. A.G. del. 1861.



Mynd 10. Leifar af exi. Á myndinni stendur: No 5 (Axarfeti) f. 1861 (Full stærð). A.G. 1861.



Mynd 10. **Sverð. Full stærð.** Teikningin er á tveimur blöðum sem eru í mörgum brotum. Á myndinni eru laus brot af neðri hluta brandsins númeruð frá 1 – 4, en meðalkaflí og hjöltu eru ómerkt. Á nærmynd af neðra hjalti sjást leifar af tigullaga fléttumynstri, líklega innlagðir þræðir úr silfri eða kopar. Í hægri horni er undirskriftin **A Gíslason**.

Í skýrslu Sigurðar Guðmundssonar um Forngripasafnið segir að sverðið hafi verið smelt (búið silfri) og að þetta hafi sést greinilega þegar sverðið fannst, og hafi á hjaltinu sést votta fyrir grind eða sem brugðnum hnút sem smellt hafi verið inn í hjöltun af öðrum málmí.<sup>6</sup>

Kuml og Haugfé gerir Kristján Eldjárn þetta að umtalsefni og virðist ekki sannfærður um ofangreinda frásögn eða að sverðið hafi verið búið.<sup>7</sup>

Af þessu má álykta að mynstið hafi e.t.v. horfið fljótlega eftir að sverðið kom úr jörðu, hugsanlega vegna samruna við andrúmsloftið eða forvörslu.


Árið 1979 var sverðið röntgenmyndað og þá fundust leifar af óljósri áletrun á brandinum, sem ekki var unnt að túlka nánar. Þetta eru sex lóðréttar línur um 1,2 – 2 cm háar og byrja um 5 cm neðan við hjöltun. Mynstrið á hjaltinu virðist ekki hafa komið fram á röntgenmynd.<sup>8</sup>

Samanburður á teikningunni og á sverðinu í sýningar skáp á Þjóðminjasafni í dag bendir til þess að ástand sverðsins öðru leyti sé lítið breytt.

<sup>6</sup> Sigurður Guðmundsson 1864:43.

<sup>7</sup> Kristján Eldjárn 1956:267.

<sup>8</sup> Kristín Huld Sigurðardóttir. 1981:7.



Mynd 11. Ein tafla af 24 og teningur úr beini. Teikning No 7 Tafla Full st. og teikning No 8 Teningur Full st. A Gíslason 1861.

## Heimildir

- Adolf Friðriksson 2004. Haugar og heiðni. Minjar um íslenskt járnaldarsamfélag. *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Bls. 57 – 63. Ritstj. Árni Björnsson. Þjóðminjasafn Íslands.
- Arngrímur Gíslason 1861. *Skýrsla og teikning af gripum*. 1861. Handrit í Þjóðminjasafni.
- Kristín Huld Sigurðardóttir 1981. Tvö ný Ulfbert sverð? *Ljóri* 2. árg. 1. tbl. Nóv. 1981. Bls. 7 – 11.
- Kristján Eldjárn 1956. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*.
- Kristján Eldjárn 1962. Fornaldarkuml í Baldursheimi *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. Bls. ix – xi og 1. Reykjavík.
- Magnús Már Lárusson 1958. Íslenzkar mælieiningar. *Skírnir CXXXII*. Bls. 208 – 245. Reykjavík.
- Sigurður Guðmundsson 1862. Merkilegur fundur. *Þjóðólfur*. 14. árg. 17. – 18. tbl. 10. apríl. Bls 70 – 71. Reykjavík
- Sigurður Guðmundsson. 1862. *Þjóðólfur*. 14. árg. 19. – 20 tbl. 24 apríl. Bls. 76 -77. Reykjavík
- Sigurður Guðmundsson 1868 – 74. *Skýrsla um forngripasafn I*, bls. 72 – 73. Kaupmannahöfn.
- Sigurður Þórólfsson 2004. *Munnlegar upplýsingar og bréf dags*. 30. 9. 2004.